



**Reglur um námsstyrk
fyrir starfsfólk leikskóla Fjarðabyggðar sem leggja stund á nám í
leikskólakennarafræðum á háskólastigi.**

1.gr.

Reglur þessar ná til starfsfólks leikskóla Fjarðabyggðar sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðsemjenda og stunda nám á háskólastigi í leikskólakennarafræðum. Í gildi eru *Reglur um námstyrki til stofnana Fjarðabyggðar* þar sem m.a. er fjallað um leikskóla. Með setningu þessara *reglna* gilda *Reglur um námstyrki til stofnana Fjarðabyggðar* ekki um starfsmenn leikskóla sem stunda nám í leikskólakennarafræðum á háskólastigi frá og með gildistöku þessara reglna.

Með námstyrk er átt við að starfsfólk sem sinnir fjarnámi geti;

- haldið launum miðað við ráðningarhlutfall í öllum staðarlotum, vettvangsnámi og í prófum og geti þar af leiðandi sinnt námi með vinnu.
- fengið 100.000 kr. upp í ferðakostnað og skólagjöld.

Starfsfólk leikskóla Fjarðabyggðar getur sótt um námstyrk ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Stunda eða eru að hefja nám í grunn diplómu í leikskólakennarafræðum, B.Ed. og/eða M.Ed. í leikskólakennarafræðum
- Eru nú þegar með BA, BS eða B.Ed. – próf og stunda eða eru að hefja nám í menntunarfræði leikskóla.

2.gr.

Skilyrði þess að fá námstyrk er að viðkomandi starfsmaður sé í a.m.k. 50% starfshlutfalli og skuldbindi sig til að starfa áfram hjá leikskólum Fjarðabyggðar í 24 mánuði eftir útskrift. Geti starfsmaður að einhverjum ástæðum ekki starfað áfram hjá Leikskólum Fjarðabyggðar eftir útskrift ber henni/honum að greiða námsstyrkinn til baka.

3.gr.

Mannauðsstjóri/ mannauðs- og kjarateymi meta og afgreiða umsóknir, eftir að hafa fengið umsögn og umsókn viðkomandi leikskólastjóra.

4.gr.

Umsóknum um námstyrk vegna náms sem hefst að hausti skal skila fyrir 1 júlí en fyrir 1. nóvember vegna náms sem hefst um áramót. Umsóknir verða afgreiddar tvisvar á ári, í lok júlí og lok nóvember. Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma.

5.gr.

Hlutaðeigandi stjórnandi ber ábyrgð á afgreiðslu styrks til starfsmanns, úthlutun tíma vegna námsins og vinnutilhögun. Greiðsla vegna útlagðs kostnaðar sem er styrkhæfur skal innt af hendi við framvísun kvittunar eða reikninga vegna náms og skal greiðast með hefðbundinni launagreiðslu.



6.gr

Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingar um námsframvindu skal komið til leikskólastjóra viðkomandi leikskóla við afgreiðslu styrk.

7.gr.

Styrkveiting til leikskóla

- a) Afleysingarkostnaður vegna menntunar samkvæmt reglum þessum er afgreiddur til skóla eftir beiðni leikskólastjóra.
- b) Leikskóli getur boðið starfsmanni upp á sveigjanlegan vinnutíma en óskerta vinnuskyldu verði því við komið.
- c) Skilyrði er að skrifað sé undir samning um námstyrk og að fyrir liggja yfirlit yfir námsframvindu.

8.gr.

Styrkveiting er miðuð við 12 mánaða tímabil
Reglur þessar gilda til tveggja ára.

Fjarðabyggð 10. janúar 2020


Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 6. janúar 2020
Samþykkt í bæjarstjórn 9. janúar 2020